



Skærar stjörnur á dimmum himni



Ljós hjálpar okkur oftast að sjá hluti en þegar við horfum upp í næturhimininn byrgir ljósið okkur stundum sýn. Götu- og bílljós skemma útsýni okkar á stjörnurnar, reikistjörnur og jafnvel Vetrarbrautina okkar. Á heiðskíru kvöldi ættir þú að geta séð um 2.500 stjörnur með berum augum en ef þú býrð í borg eða bæ sérðu líklega frekar fáar stjörnur á kvöldin!

Þessi glæsilega stjörnuljósmynd sýnir skínandi stjörnuþyrpingu og litríkt gasskjú sem kallast Kjalarpokan. Kjalarpokan er risavaxið svæði úr gasi, ryki og stjörnum í Vetrarbrautinni okkar. Ef þú byggir á suðurhveli jarðar sérðu þetta risaskjú á næturhimninum, jafnvel án stjörnusjónauka, þó vitaskuld væri það ekki svona litríkt. En eins og við á um svo mörg önnur undur alheimsins sést Kjalarpokan vart lengur úr borgum og bæjum vegna ljósmengunar.

Sem betur fer hafa stjörnufræðingar komið sér upp stórum og öflugum sjónaukum til að skyggjast djúpt inn í alheiminn og ná myndum eins og þessari. Myndin var tekin með stórum sjónauka í miðri eyðimörk í Chile, langt frá allri ljósmengun. Á myndinni sjást mörg ótrúlega falleg smáatriði í Kjalarpokunni, svo sem dökkir rykstólpar sem kljúfa glóandi gasskjú og þyrpingar ungra stjarna.

COOL FACT

Árið 2012 var slökkt á ljósunum í mörg þúsund borgum um allan heim í eina klukkustund til að minna fólk á mikilvægi þess að vernda reikistjörnuna okkar. Meira að segja geimfararnir í Alþjóðlegu geimstöðinni tóku þátt! Ef þú vilt halda næturhimninum dimmum og stjörnunum björtum skaltu kíkja á Dark Skies Awareness og sjá hvernig þú getur hjálpað til.

